

Björg Þorvaldsdóttir

M.Ed. í lestrarfræðum og kennsluráðgjafi hjá
Skólaskrifstofu Austurlands Reyðarfirði



Innleiðing.... að halda áfram og
viðhalda slóðinni.
Að ná til foreldra!

Umfjöllunarefni

- ▶ Aðkoma Skólaskrifstofu Austurlands 2019 – 2020
- ▶ Innleiðing og viðhald verkefnisins í leikskólunum
- ▶ Viðbætur við verkefnið
- ▶ Hvernig náum við til foreldra? Hvernig fræðsla?
 - ▶ Fræðsla til foreldra á meðgöngu eða fyrstu mánuði barnsins.
- ▶ Að virkja Bókasöfnin í „Snemmtækri íhlutun“
- ▶ Fyrirmyndir – Ömmur í „Snemmtækri íhlutun“

Hlutverk Skólaskrifstofu Austurlands





Snemmtæk íhlutun með áherslu á mál og læsi leikskólabarna í Fjarðabyggð

Þróunarverkefni 2019 – 2020 á vegum Fjarðabyggðar, Talstúdíó Ásthildar Bj.
Snorradóttur, Menntamálastofnunar
og Skólaskrifstofu Austurlands



FJARÐABYGGÐ

Mikil vinna fyrir
alla sem komu
að verkefninu.

Mikilvægt að
setja skýran
vinnuramma í
upphafi.



Tilurð og framkvæmd og markmið verkefnisins

- ▶ Fræðslustjóri Fjarðabyggðar kom á samstarfsverkefni Menntamálastofnunar og Fjarðabyggðar með þátttöku Ásthildar Bj. Snorradóttur, talmeinafræðings um að vinna að innleiðingu á Snemmtækri íhlutun með áherslu á málþroska og læsi.
- ▶ Tilgangurinn með verkefninu er að **valdefla starfsfólk leikskólanna til að beita þeim aðferðum sem felast í snemmtækri íhlutun** og skila hvað bestum árangri í daglegu starfi.
- ▶ Markmiðið með verkefninu er að **börnin komi betur undirbúin í fyrsta bekk grunnskóla** og að unnið sé í anda heildstæðrar skólastefnu.

Framkvæmd og markmið verkefnisins

- ▶ Gera alla verkferla og hlutverk starfsfólks skýrara.
- ▶ Stuðla að betri og markvissari nýtingu á málörvunarefni með skipulagðri flokkun.
- ▶ Skoða uppbyggingu málörvunarstunda.
- ▶ Hver leikskóli vinnur **handbók** sem rammar inn þessa þætti ásamt því að taka mið af sérstöðu hvers og eins leikskóla út frá hugmyndafræði og skólanámskrá.

Yfirmarkmið þróunarverkefnisins er að:

ALLIR starfsmenn tileinki sér vinnubrögð við að efla mál og læsi **ALLRA** leikskólabarna **ALLAN DAGINN**. Með því að grípa **ALLAR** aðstæður í leik og starfi og skapa þannig aðstæður til að eiga í mállegum samskiptum við börnin.

ALLIR starfsmenn eru ábyrgir fyrir að auka færni barna í mál og læsi.

Að skima fyrir og nota viðeigandi matstæki til að meta málþroskafrávik og setja upp markvissa íhlutun með þeim börnum sem þess þurfa.

Að **ALLIR** séu sérstaklega meðvitaðir um að **tala íslensku oft og mikið** við tví- og fjöltyngd börn, hvetja þau og veita þeim tækifæri til að taka þátt í samræðum.

Á hverju skólaári fær **STARFSFÓLK FRÆDSL**U um þróun málþroska og hvernig efla megna mál og læsi **ALLAN DAGINN** Í ÖLLUM AÐSTÆÐUM.

Á hverju skólaári fá **FORELDRAR FRÆDSL**U um þróun málþroska og hvernig efla megna mál og læsi **ALLAN DAGINN** Í ÖLLUM AÐSTÆÐUM.

Til að þessi markmið náist þarf Fjarðabyggð að standa þétt að baki leikskólunum og huga vel að mannauðnum sem vinnur í þar.

Snemmtæk íhlutun í málþroska og læsi leikskólabarna í Fjarðabyggð



Eftirfylgni

Til þess að þróunarverkefnið Snemmtæk íhlutun í mál og læsi leikskólabarna í Fjarðabyggð festist í sessi og viðhaldist um ókomin ár er afar mikilvægt að hafa skýra og einfalda verkferla til að styðjast við, sem hjálpa stjórnendum og starfsfólki við innleiðingu og viðhaldi stefnunnar.




Mikil starfsmannavelta er í leikskólum og því afar brýnt að kynna verkefnið með markvissum hætti í upphafi hvers skólaárs, bæði fyrir nýjum starfsmönnum en einnig upprifjun fyrir eldri starfsmenn.



Með verkferlunum/ gátlistunum kemur fram hvað þarf að vinna, hvenær sú vinna skal fara fram og hver ber ábyrgð á hverjum þætti. Verkferlarnir innihalda einnig ramma varðandi matstæki og skimanir.

Verkferlar í "Snemmtækri íhlutun með áherslu á málproska og læsi leikskólabarna í Fjarðabyggð"



Hvernig gekk fyrsta árið? - Verkferlar

- ▶ Verkefnið kynnt á fræðslufundi í september, í fjórum leikskólum.
- ▶ Mjög nákvæmlega farið í verkefnið. Tilurð, frankvæmd, markmið, eftirfylgni, fræðin, skimanir, athuganir, próf, frávik í málþroska, þjónusta, málörvunarpættir, flokkun málörvunarefnis, samstarf við grunnskóla
- ▶ Ekki var sérstakur fræðslufundur fyrir nýja starfsmenn þar sem ALLIR starfsmenn fengu sömu fræðsluna, sem var mjög víðfem.
- ▶ Foreldrafræðsla var í tveimur skólum, Dalborg og Kærabæ. Má segja að COVID hafi stöðvað aðra skóla.
- ▶ Undirrituð var hins vegar með mjög markvissa fræðslu fyrir foreldra í flestum skólum skólaárið 2018 - 2019. Öllum deildum á Eyrarvöllum og Kærabæ. Stærri fundum í Dalborg og Lyngholti.
- ▶ Fræðsla um „Lestur fyrir börn“ var í Lyngholti haust 2020.
- ▶ Sett var upp áætlun um hvernig fræðsla til foreldra (hver árgangur) gæti litið út, ekki var unnið markvisst með hana vegna COVID.

Betrumbæta verkferla

- ▶ Skipuritið nær aðeins fram að jólum, mætti bæta við áminningu í hverjum mánuði.
- ▶ Setja inn umræðu um um ákveðinn þátt úr HLJÓM í hverjum mánuði.
- ▶ Nákvæmari skýring hvað felst í því að starfsmaður hafi lesið Handbókina.
- ▶ Nánari fræðsla um hvern þátt; t.d.
 - ▶ Orð dagsins
 - ▶ Daglegur lestur Orðaspjall
 - ▶ Gefðu tíu

Snemmtæk íhlutun í málproska og læsi leikskólabarna í Fjarðabyggð

Fræðsluáætlun Til að viðhalda stefnunni

Foreldrar

Fræðslufundur í
upphafi skólaárs um
málproska og læsi
Skyldumæting

Bókasafnsferðir
1x ári

Ýmiskonar
fræðsla send
heim í
tölvupósti

Starfsmenn

Kynning á stefnunni
í upphafi hvers
skólaárs

Hver starfsmaður
les handbókina
vel og ítarlega


Fræðsla um
málproska og læsi í
upphafi skólaárs

Fræðsla um lestur
bóka + Orðagull

Fræðsla og
uppbygging
málörvunarstunda

Fræðsla og flokkun
málörvunarefnis

Fræðsla um HLJÓM-2
og mánaðarplan



Hvernig gekk innleiðingin fyrsta árið?

- ▶ Misjafnt eftir skólum hvernig hefur gengið með innleiðinguna.
- ▶ Hver ber ábyrgðina á innleiðingunni?
- ▶ Eru gátlistar?
- ▶ Hvernig á að meta innleiðinguna?
- ▶ Sumir óöruggir um hver á að draga vagninn og hvernig best er að valdefla starfsfólk til að allir muni að ALLIR eru MIKILVÆGUR HLEKKUR Í KEDJUNNI og ALLIR sinna málörvun í skólanum.
- ▶ Ein skóli hefur markvisst nýtt starfsdaga til að vera með fræðslu og upprifjun fyrir starfsfólk, setið rafræna fræðslufundi (t.d. Hjá Valdísi I. Jónsdóttur talmeinafræðingi) og notað hvert augnablik til að efla og styðja við starfsfólkið. Stjórnendur verið duglegir að hvetja í daglegum aðstæðum og minna á mikilvægi þess að grípa alltaf boltann. S.s. að útskýra og endurtaka orð í amstri dagsins.

Hvernig gekk innleiðingin fyrsta árið?

- ▶ Í einum skóla var ráðinn verkefnisstjóri, sem var með málörvunarstundir og lagði línurnar.
- ▶ Einn skóli segir að allir vinni nú markvissara með „Hljóðkerfisvitundina“.
- ▶ “Erum að brýna endalaus við starfsmennina að tala og tala og tala daginn út og inn 😊”.
- ▶ Skynja þó að það vanti meiri ábyrgð hjá öllum.
- ▶ Einn/fáir haldi utan um málörvunarstundir.
- ▶ Skilgreina betur ábyrgð hvers og eins og inni á sérhverri deild.
- ▶ Vantar fagfólk í litlu skólana. Þurfa aðstoð við innleiðinguna og ut anumhald.

Betrumbætur á innleiðingu/viðhaldi


- ▶ Mikilvægt að ráðinn (skilgreindur) sé starfsmaður til að stýra innleiðingunni/verkefninu UNDANFARI. Ekki viðbót við önnur störf, sem þarf þá að skilgreina upp á nýtt.
- ▶ Nákvæm skilgreining á hver ber ábyrgð á innleiðingu SÍ og að viðkomandi hafi ítarlega starfslýsingu á hvernig það skuli framkvæmt og hve mikill tími fari í verkefnið á viku/mánuði.
- ▶ Ekki hægt að bæta vinnu við fólk.
- ▶ Hver heldur utan um fræðslu? - Í skólanum á hverri deild?
- ▶ Matstæki/gátlisti um innleiðingu.
- ▶ Mikilvægt að hlúa sérstaklega að litlu skólunum, sem eru fátækari af fagmönnum. Þar þarf þá að fá utanaðkomandi aðila til að aðstoða við innleiðinguna.
- ▶ Í verkefninu „**Byrjendalæsi**“, er ráðinn **leiðtogi** í hvern skóla, þegar unnið er að innleiðingu verkefnisins, sem er mjög mikilvægt bæði við innleiðinguna og að viðhalda verkefninu.

Viðbætur Að efla foreldra ...málörvun í samfélaginu

1. Fræðsla til foreldra á meðgöngu eða fyrstu mánuðum barnsins.

2. Að virkja Bókasöfnin í „Snemmtækri íhlutun. Bókasafnsömmur/afar

3. Fyrirmyndir - Ömmur í „Snemmtækri íhlutun“



1. Fræðsla til foreldra á meðgöngu eða fyrstu mánuðum barnsins.

- ▶ Koma fræðslu inn í mæðraskoðun.
- ▶ Koma fræðslu inn í **ungbarnaeftirlitið. 6 vikna skoðun.**
 - ▶ Undirrituð hefur verið í sambandi við Deildarstjóra Fjölskyldudeildar HSA, sem telur að þannig mætti ná til allra nýbakaðra foreldra ☺.
- ▶ Í fræðslupakkanum væri:
- ▶ Bókagjöf frá Sveitarfélaginu
- ▶ Fræðslumyndbönd s.s. mikilvægi LESTURS fyrir börn frá fyrsta degi.
- ▶ Fræðslubæklingarnir: MUNDIR ÞÚ AÐ LESA FYRIR BARNIÐ ÞITT Í DAG? og AÐ EFLA ORÐAFORÐA, MÁLSKILNING OG MÁLTJÁNINGU.
- ▶ Kynning á ýmsum fræðslusíðum s.s. Babbl og spjall o.fl..
- ▶ Í litlu samfélagi eins og í Fjarðabyggð er möguleiki á að vera með markvissari fræðslu til foreldra.

Foreldrafræðsla

- ▶ Afar mikilvægt er að vera í góðu samstarfi við foreldra og veita þeim góða fræðslu um snemmtæka íhlutun, þróun málproska, tengsl málproska og læsisþróunnar og hve stórt og ábyrgðamikið hlutverki þeir þjóna í eflingu málskilnings- og máltjáningu barna.
- ▶ Mikilvægt er að foreldrar fái markvissa fræðslu um þróun málproska, hvernig þeir geta eftt hann, undirstöðupættir læsisnáms, umgengni við snjalltæki og áhrif þeirra á máltöku.

Fræðsluáætlun til foreldra

Sérfræðingar frá Skólaskrifstofu Austurlands mun vera með markvissa fræðslu fyrir foreldra (og starfsfólk) sem hér segir.

- **1 - 2ja ára**, almenn fræðsla um máltöku og þróun málþroska 1 - 2ja ára barna, mikilvægi þess að vera góð málfyrirmynd, að tala við barnið á móðurmáli þess og að lesa fyrir barnið á hverjum degi.
- **3ja ára**, almenn fræðsla um máltöku og þróun málþroska 3ja ára barna, mikilvægi þess að vera góð málfyrirmynd, að tala við barnið á móðurmáli þess, mikilvægi þess að lesa fyrir barnið á hverjum degi og góð ráð um hvernig lesið er fyrir börn og þjónustu bókasafnanna. Fjallað um áhrif snjalltækja og áhrif erlends málaumhverfis á netinu.

Fræðsluáætlun til foreldra

- **Fjögurra ára**, almenn fræðsla um máltöku og þróun málproska fjögurra ára barna, mikilvægi þess að vera góð málfyrirmynd, að tala við barnið á móðurmáli þess, mikilvægi þess að lesa fyrir barnið á hverjum degi og góð ráð um hvernig lesið er fyrir börn og þjónustu bókasafnanna. Undirstaða læsisnáms: hljóðkerfisvitund, bókstafir og málproski. Fjallað um áhrif snjalltækja og áhrif erlends málaumhverfis á netinu.
- ▶ **Fimm ára**, almenn fræðsla um máltöku og þróun málproska fimm ára barna, mikilvægi þess að vera góð málfyrirmynd, að tala við barnið á móðurmáli þess, mikilvægi þess að lesa fyrir barnið á hverjum degi og góð ráð um hvernig lesið er fyrir börn, lesskilningspersónurnar kynntar og þjónustu bókasafnanna. Undirstaða læsisnáms: hljóðkerfisvitund, bókstafir og málproski. Fjallað um áhrif snjalltækja og áhrif erlends málaumhverfis á netinu.

Fræðsluáætlun til foreldra

- Foreldrar eru sérstaklega hvattir til að lesa á hverjum degi fyrir börnin sín og minntir á mikilvægi sumarlestrar áður en börnin fara í sumarfrí, þar sem mikilvægt er að viðhalda lestrinum allt árið um kring.
- Þá er foreldrum bent á að öll börn eigi rétt á ókeypis **bókasafnskorti** í Bókasöfnunum og eru þeir hvattir til reglulegra bókasafnsferða með börnum sínum til þess að fá bækur að láni.
- Mikilvægt er einnig að senda foreldrum reglulega upplýsingar með hvatningarorðum, fræðslumolum og hugmyndum um hvernig þeir geta best stuðlað að bættum málþroska barna sinna.
- Þessir fræðslumolar geta t.d. tengst ákveðnum dögum s.s. Alþjóðlegur dagur læsis 8. september og Dagur íslenskrar tungu 16. nóvember.
- Bent er á ýmsar heimasíður á netinu og/eða inni á facebook:

- ▶ Þurfum að fjölga garðyrkjumönnunum á hverju heimili☺
- ▶ Með því að efla fræðslu til foreldra.
- ▶ Gera þá ábyrgari fyrir mikilvægi þess að:
 - ▶ Tala við barnið.
 - ▶ Hlusta á barnið ...líka með augunum.
 - ▶ Lesa fyrir barnið.
 - ▶ Tala móðurmálið.
 - ▶ Gæta að snjalltækjunum.
 - ▶ VERA FYRIRMYNDAR FYRIRMYNDIR

Að rækta garðinn sinn.....

Að efla foreldra til að rækta málið með barninu... **ALLIR** garðyrkjumenn





Að virkja Bókasöfnin í Snemmtækri íhlutun. Bókasafnsömmur/afar

- ▶ Skipulagðar lestrarstundir á bókasöfnunum.
 - ▶ Þar sem góðar ömmur/afar stýrðu.
 - ▶ Foreldum „kennt“ að lesa fyrir barnið og „spjall um málþroska og snjalltæki“.
 - ▶ Foreldrum boðið að koma með börnunum sínum, til að upplifa lestur og að nýta bókasöfnin.
 - ▶ Með því er hægt að ná til foreldra og að kenna þeim að nota safnið.
- ▶ Hver árgangur ætti eina klukkustund á mánuði.
- ▶ Einnig væri hægt að setja upp fræðslu og spjallfundi fyrir foreldra annað slagið.
- ▶ Krefst skipulags og samstarfs við bókasöfnin, ásamt sjálfboðaliðum☺.



LESTUR OG ORÐAFORÐI

- ▶ LESTUR foreldra fyrir börn er jafn mikilvægur og að bursta í þeim tennurnar á kvöldin.
- ▶ LESTURINN skapar notalega samverustund þar sem báðir aðilar beina athyglinni að því sama.
- ▶ LESTUR er mikilvægur þáttur til að auka *orðaforða* barna.
- ▶ Rannsóknir sýna að börn sem lesið er fyrir tileinka sér meiri *orðaforða* en þau sem missa af þeirri upplifun.



Mikilvægi þess að lesa fyrir börn

- ▶ Eflir málskilning og máltjáningu
- ▶ Eykur orðaforða
- ▶ Vekur áhuga á bókum og lestri
- ▶ Styrkir hljóðkerfisvitund
- ▶ Eykur þekkingu á ritmálinu
- ▶ Eykur skilning barns á uppbyggingu sögu
- ▶ Örvar bernskulæsi og færni til lesturs
- ▶ Eykur einbeitingu og athygli
- ▶ Eykur vitsmunaproska og hugarfærni
- ▶ Hefur áhrif á félagsproska
- ▶ Stuðlar að heilbrigðum tilfinningalegum viðhorfum


- ▶ (Manolson, 1992; Bergen og Mauer, 200; Morrow og Gambrell, 2004; Ard og Beverly, 2004; Richmann og Colombo, 2007; Dunst, Simkus og Hamby, 2012)



Þurfum að fræða og
ræða við foreldra um
áhrifa snjalltækja á
þróun málproska og
félagsfærni.



3. Fyrirmyndir
„Ömmur“ í
„Snemmtækri íhlutun“



Bækur, barn og málproski....

- ▶ Gef barnabarninu bók í hvert skipti sem ég kem í heimsókn.
- ▶ Keypti barnabók í hverju landi sem ég heimsótti og gaf honum.
 - ▶ Hann á því bækur á; dönsku, norsku, sænsku, finnsku, spænsku, króatísku, ítölsku, ensku.
- ▶ Les fyrir hann í hverri heimsókn..... aftur og aftur og aftur.....
- ▶ Hefði getað nýtt mér betur að lesa í gegnum „netið“, fyrir hann.
- ▶ Hann nær í bækur og biður „ömmu“ að lesa þegar ég kem í heimsókn.
- ▶ Hann les fyrir ömmu í gegnum „myndaspjallið“.
- ▶ Orðaforði hans er djúpur og víður.
- ▶ FORELDRAR VERIÐ FYRIRMYNDIR (lesið) FRÁ FÆÐINGU.
- ▶ Foreldrar lesa fyrir hann á daginn og **ALLTAF** á kvöldin.
- ▶ Foreldrar hans fara með hann á bókasafnið í hverri viku, þar sem hann skoðar bækur og velur til að fara með heima.
- ▶ Hann fær að dvelja á bókasafninu þar til hann ákveður að nóg sé komið.
- ▶ Reglur um aðgang að snjalltækjum.



Foreldrar lesið fyrir
hann frá fæðingu.
Á þessari glæru er
upptaka sem sýnir
viðbrögð drengsins
þegar hann sér bók....
Svooooo spennur að
hann titrar af
eftirvæntingu.





Frá því að heyra ótal
margar bækur
lesnar..... yfir í það
að lesa sjálfur bækur
.....þegar maður
er bara þriggja
ára😊.

Fræðslubæklingar til foreldra



Mikilvægi orðaforða fyrir farsælt lestrarnám

Til að læra að lesa þarf einstaklingur að búa yfir ákveðinni grunnfærni:

- ♦ Góðum orðaforða og málþroska
- ♦ Hljóðkerfisvitund
- ♦ Bókstafabekkingu

Góður **orðafordi** er grundvallarþáttur í málskilningi og um leið málnotkun barna. Í þessum bæklingi eru hugmyndir um hvernig efla má og þjálfra orðaforða, málskilning og máltjáningu barna. Mikilvægt er að hafa í huga að mikill einstaklingsmunur er á orðaforða barna en hægt er að auka hann með samræðum, lestri og virkri hlustun. Þar gegna foreldrar afar mikilvægu hlutverki. Mikilvægast er að skapa og gripa aðstæður til að nota tungumálið, tala og lesa fyrir barnið og veita töluðu máli barnsins gaum í erli dagsins.

**FORELDRAR ERU MIKILVÆGUSTU
MANNESKJURNAR Í LÍFI BARNISINS
OG HAFU MESTU ÁHRIF Á
ORÐAFORÐA, MÁLSKILNING OG
MÁLTJÁNINGU ÞESS**

ORÐAFORÐI

Erlendar og íslenskar rannsóknir hafa sýnt fram á griðarlegan **einstaklingsmun** á orðaforða barna.

Munurinn kemur **snemma fram** og hefur tilhneigingu til að **standa í stað** eða **aukast** með aldrinum, sé ekkert að gert.



Orsakir einstaklingsmunar á orðaforða barna er **sjaldnast líffræðilegur**.

Munurinn er vegna þess að þau slöku hafa ekki fengið **jafngöð tækifæri** til að læra og þau sterku.

Barn sem elst upp við **jákvæð og örvandi samskipti** kemur til með að hafa sterkari málvitund en sá sem fær litla örvun (Berns, 2001).

LESTUR er mikilvægur þáttur til að auka

orðaforða barna. Rannsóknir sýna að börn sem lesið er fyrir tileinka sér meiri **orðaforða** en þau sem missa af þeirri upplifun. Góður **orðafordi** er einnig mikilvægur þegar kemur að lestrarnámi barna en rannsóknir sýna að góður **orðafordi** helst í hendur við góðan lesskilning.



Börn sem **HEYRA** mörg
orð **LÆRA** mörg orð

Að efla orðaforða, málskilning og máltjáningu

Hvernig geta foreldrar hjálpað?



Skólaskrifstofa
Austurlands





Hlustaðu á börnin og vertu opin fyrir spurningum og athugasemdum þeirra á meðan lesið er. Þegar börnin spyrja, stoppaðu lesturinn og **spjallaðu** við þau um möguleg svör.

- Fylgdu eftir forvitni barnanna, spurðu þau hvað vekur mestan áhuga í sögunni og **BÍÐDU** eftir svörum þeirra, **HLUSTAÐU** á svörin og hvettu þau til að taka þátt í samræðunum.
- Virkjaðu börnin til að taka þátt í frásögninni.
- Hvettu börnin til að segja frá því sem þau muna úr sögunni, t.d. út frá myndunum. Hjalpaðu börnunum að setja orð á frásögnina, ef þau muna ekki réttu orðin og atburðina. Útskýrðu orð sem barnið þekkir ekki og bættu við nýjum orðum.

AÐ LOKNUM LESTRI

SPJALLAÐU við börnin um innihald bókarinnar eftir að lestrinum er lokið. Notaðu nýju orðin sem komu fram í bókinni vegna þess að því oftast sem barnið heyrir orðin því meiri líkur eru á að það muni þau og noti í frásögnum og samtölum.

Austurlands 20 ára 1996–2016 - Bættur námsárangur á Austurlandi

Til foreldra leikskólabarna!

LESTU MEÐ BARNINU Á HVERJUM DEGI

Mundir **ÞÚ** eftir
að **LESA** með
BARNINU þínu í
dag?

ÞÚ - EYRST... KENNAR...
BARN - ...

Mikilvægi hljóðkerfisvitundar fyrir farsælt lestrarnám

Til að læra að lesa þarf einstaklingur að búa yfir ákveðinni grunnfærni:

- ♦ Góðum orðaforða og málproska
- ♦ Hljóðkerfisvitund
- ♦ Bókstafaþekkingu

Í þessum bæklingi eru hugmyndir um hvernig efra má og þjálfra hljóðkerfisvitund barna. Byrjað er á einföldum þáttum eins og rími og lengd orða, síðan má fikra sig eftir gáttlistanum. Mikilvægt er að hafa í huga að börn hafa misgóða hljóðkerfisvitund en hana er hægt að þjálfra og því er mikilvægt að foreldrar séu meðvitaðir um á hvaða stigi barnið er.

Fléttið þjálfunina inn í daglegt líf, t.d. í matartíma eða sundferð. Spyrjið barnið hvað **rimar** við kál, **fiskur**, **bollur**? Hvað er **fyrsta hljóðið** í **kútur**, **pottur**, **klefi**?

Tengsl hljóðkerfisvitundar við lestur

Í upphafi lestrarnáms er mikilvægt að nemendur hafi þróað með sér góða **hljóðkerfisvitund**.

Hljóðkerfisvitund er meðvituð færni í að vinna með hljóð málsins, tengsl þeirra og hvernig unnt er að greina talað mál niður í einingar. Má þar nefna að ríma, setja saman orð, sundurgreina setningar í orð, sundurgreina orð í atkvæði, finna fyrsta hljóð í orði o.fl..

Fjöldi rannsóknna hafa sýnt fram á að börn með **lestrarerfiðleika** eru með **lélega hljóðkerfisvitund**. Mat á hljóðkerfisfærni hefur því forspárgildi um hverjir gætu átt í örðugleikum með lestur og stafsetningu. Veikleikana er hægt að greina áður en formlegt lestrarnám hefst og því er hægt að grípa inn í með snemmtækri ihlutun (Høien og Lundberg, 2000; Rief og Stern, 2010). Þáttur foreldra í þjálfun og þróun hljóðkerfisvitundar er því afar mikilvægur.

Góða skemmtun



Hljóðkerfisvitund

Hvernig geta
foreldrar
hjálpað?



Skólaskrifstofa
Austurlands



Lokaorð

- ▶ Skipa „Undanfara“ í innleiðingarferlið og viðhald.
- ▶ Undanfarinn heldur utan um verkefnið, stýrir og styður.
- ▶ Ná fyrr til foreldra - fræðsla í ungbarnaeftirlitinu í samvinnu við heilsugæsluna og/eða félagsþjónustuna.
- ▶ Búa til fleiri garðyrkjumenn.
- ▶ Koma fræðslunni og „upplifuninni“ inn í bókasöfnin.
- ▶ Koma fræðslunni út í samfélagið.
- ▶ Virkja ömmur og afa.



TAKK FYRIR

GANGI
YKKUR VEL!

